

RABB RÝMIÐ



HLAÐVARPSRÝMI
BÓKASAFNS
HAFNARFJARÐAR



BÓKASAFN
HAFNARFJARÐAR

Íslenska

Rabbrýmið: umgengnis- og siðareglur

Rabbrýmið er **heimili upplýsinga**, skemmtunar, fræðslu og samskipta. Þeim sem nýta rýmið ber skylda til að virða jafnan rétt allra til öryggis og lífs, og stunda ekki orðræðu sem beinir spjótum sínum á ódregilegan eða fordómafullan máta að nokkrum samfélagshóp.



Rabbrýmið er á **ykkar ábyrgð**, það er mikilvægt að ganga vel um það og fara varlega með tækin sem eru þar inni.

Ef þið kunnið lítið á græjurnar, **ekki fikta** í neinum stillingum.

Ef þið kunnið mikið á græjurnar og breytið einhverju, vinsamlegast **breytið því þá aftur** til baka eftir notkun. Skiljið við græjurnar eins og þið komuð að þeim.

Ef þið þurfið að bregða ykkur frá þá er mikilvægt að **læsa rýminu** á meðan. Skiljið rýmið ekki eftir mannlaust og ólæst.

Eftir notkun ber að **skila spjaldinu** til starfsfólks í upplýsingaþjónustunni á 2. hæð.

Virðið tímann. Gerið ráð fyrir tíma til að ganga frá eftir ykkur, mögulega er einhver sem bíður eftir að komast að þegar ykkar tími klárast.


Tækin eru viðkvæm og dýrmæt, **passið vel upp á þau**. Ekki er leyfilegt að fara með tæki safnsins út úr Rabbrýminu.

Allur matur og drykkur er bannaður í Rabbrýminu. Aðeins er leyfilegt að vera með vatn í lokanlegri flösku.

Öllu rusli skal hent í ruslatunnur. **Það ber að skilja við rýmið eins og komið var að því.**


Aldurstakmark: notendur Rabbrýmisins þurfa að vera 18 ára eða eldri. Einstaklingar undir 18 ára þurfa að vera í fylgd með ábyrgðarmanni.

Með kveðju,
starfsfólk Rabbrýmisins



Útskýringar:

1. Snertiskjár sem sýnir stillingar, aðgerðir og upplýsingar um upptöku.
2. Upptökutakki. Grænn þegar tækið er tilbúið fyrir upptöku, rauður þegar upptakan er í gangi og appelsínugulur þegar upptakan er á pásu.
3. Afspilunartakkar fyrir hljóðbúta (sjá leiðbeiningar um hljóðahnappa).
4. Sleðar sem stilla hljóðstyrk í hljóðnemunum fyrir upptöku.
5. Sleðar sem stilla hljóðstyrk í tækjum sem tengd eru við upptökutækið í gegnum USB, farsímasnúru eða Bluetooth.
6. Sleði sem stillir hljóðstyrk fyrir hljóðahnappana.
7. Hljóðstillingar fyrir hljóðnema.
8. Hljóðstyrkur í heyrnartólum.
9. Hljóðstyrkur í hátölurum ef þeir væru tengdir við upptökutækið.
10. Þaggar niður í hljóðinu á viðkomandi rás.
11. Til að heyra bara í viðkomandi rás, engum öðrum.
12. Bluetooth tengi. Haldið takkanum inni til að geta parað tæki við upptökutækið.
13. Master-tengi fyrir heyrnartól.



Útskýringar:

1. Kveikja/slökkva á upptökutækinu.
2. USB-tengi fyrir tölvu.
3. Rauf fyrir microSD minniskort.
4. Tenging fyrir hátalara.
5. Tenging fyrir heyrnartól.
6. Tenging fyrir TRRS snúru, til að tengja farsíma við upptökutækið.
7. Fjögur XLR tenging fyrir hljóðnema.

Upptökuleiðbeiningar




Fyrir upptöku

- Kveikt er á upptökutækinu með **rauða takkanum** aftan á tækinu.
- Í rýminu eru 4 hljóðnemar og samsvarandi heyrnartól.
- Best er að sá sem stjórnar upptökunum sé með hljóðnema og heyrnartól **nr. 1**
- 4 sleðar vinstra megin á upptökutækinu stjórna því hversu hátt heyrast í hljóðinu á viðkomandi rás
- Ágætt er að hafa hljóðið frekar hátt stillt, jafnvel á bilinu **7-9**
- Best er að vera nálægt hljóðnemanum þegar talað er í hann, og að halda stöðugri fjarlægð.
- Betra að allir séu með heyrnartólin á sér á meðan upptöku stendur; en ekki nauðsynlegt hafi hljóðstyrkurinn verið rétt stilltur.
- Á skjánum á upptökutækinu sést hversu há upptakan er.
 - Ágætt er að miða við að hljóðið sé í kring um þykku hvítu línuna.
- Passa að allir sleðar séu uppi hjá þeim sem eru að taka upp, en niðri við þá hljóðnema sem ekki er verið að nota.
- Hægt er að tengja eigin tölvur og snjalltæki við upptökutækið.
 - Sjá myndrænar leiðbeiningar um **RØDECaster Pro** á næstu blaðsíðum
 - **ATHUGIÐ:** starfsfólki bókasafnsins er **ekki heimilt** að fara inn í tæki notenda til að aðstoða við uppsetningu. Notendur verða sjálfir að kunna á eigin tæki.
 - Ef notendur nota eigin tæki til upptöku verður að **ganga frá öllum snúrum aftur á rétta staði í upptökutækinu eftir að upptökum er lokið!**

Tengja síma við upptökutæki





i.




1. Tengjið símann við upptökutækið með TRRS snúru sem passar við símann.

ii.




Tengið snúruna við  tengið aftan á upptökutækinu.


2. Passið að  sleðinn sé hæfilega hátt stilltur

Tengja síma með Bluetooth




i.




1. Haldið  takkanum inni í 3 sekúndur

ii.



2. Parið upptökutækið við símann

iii.




3. Passið að Bluetooth sleðinn sé hæfilega hátt stilltur

Spila tónlist úr tölvu inn í upptökuna




i.




1. Tengið tölvuna við upptökutækið með USB í USB-C snúru.

ii.



2. Finnið hljóðið sem á að spila.

iii.




3. Passið að  sleðinn sé hæfilega hátt stilltur.

Hljóðahnappar

- Lituðu hnapparnir hægra megin á upptökutækinu eru hljóðahnappar
- Með þeim er auðveldlega hægt að spila stök hljóð inn á upptökur
- Ef notendur vilja nota eigin hljóð fyrir hljóðahnappana er best að vera með hljóðskrár fyrirfram tilbúna inni á USB-lykli eða inni á skýjalausn.


- Til að setja hljóð inn á hljóðahnappana:


- Opna **RØDECaster Pro** forritið í tölvunni




- Í forritinu eru **3 hljóðabankar**:

- **Bank 1:** hljóð sem eru forhlaðin inn í græjuna frá framleiðanda
- **Bank 2:** hljóðahnappar fráteknir fyrir starfsfólk Bókasafnsins
- **Bank 3:** hljóðahnappar sem öllum notendum er frjálst að nota



- Opna **Bank 3** > Ýta á  > finna hljóðskrána > Samþykkja
- Hægt er að smella á hljóðskrána í forritinu til að fá upp frekari valmöguleika:
 - Breyta nafni á hljóðskránni, breyta lit á hnappnum, velja mismunandi afspilunarmöguleika o. fl.


- Passið að sleðinn vinstra megin við hljóðahnappana sé stilltur nógu ofarlega svo að hljóðin heyrist vel. Gott er að prófa sig áfram áður en upptaka fer í gang og hlusta á hljóðið í heyrnartólunum.
- Til að virkja hljóðahnappana:
 - Veljið tannhjólið á snertiskjánum á upptökutækinu.
 - Veljið **Sounds** > örvarnar skipta á milli hljóðabanka
- Til að eyða hljóðum út af hljóðabanka:
 - Smella á viðkomandi hljóð í forritinu og smella á 

Í upptöku








- Til að hefja upptöku:
 - Ýta á stóra REC-takkann.
 - **Grænn REC-takki** = engin upptaka í gangi
 - **Rauður REC-takki** = upptaka í gangi
 - **Appelsínugulur REC-takki** = hlé á upptöku
- Best er að vera nálægt hljóðnemanum þegar talað er í hann, og að halda stöðugri fjarlægð.
- Til að gera hlé á upptöku:
 - Halda REC-takkanum inni í 2 sek.
 - Ljósið verður **appelsínugult** og upptakan stöðvast
- Til að setja upptöku aftur í gang í sömu skrá:
 - Ýta einu sinni á REC-takkann
- Til að hætta alveg að taka upp:
 - Ýta einu sinni á REC-takkann.
- Til að þagga niður í rás án þess að færa sleðana:
 - Ýta á **rauða** takkann fyrir neðan sleða viðkomandi rásar
- Til að heyra bara í viðkomandi rás en engum öðrum:
 - Ýta á **græna** takkann fyrir neðan sleða viðkomandi rásar



Eftir upptöku

- Færa hljóðskrár úr upptökutækinu yfir í tölvuna:
 - Ýta á SD-korta íkoninn á snertiskjánum (efst í hægra horni) 
 - Kveikja á **Podcast Transfer Mode** > Velja **Yes**
 - Þá birtist mappa í tölvunni sem heitir **RODECASTER**
 - Velja **RODE** og **PODCASTS** til að komast í upptökurnar.
 - Upptökurnar verða til á skráarforminu **.wav**
 - Nú er annað hvort hægt að færa skrárnar yfir á USB-lykil eða senda þær í tölvupósti eða annars konar skýjalausn.
 - Til að klára yfirfærslu:
 - Ýta á **Done** á snertiskjánum > Velja **Yes**
- Til að hreinsa út úr upptökutækinu
 - Ýta á SD-korta íkoninn á snertiskjánum > Velja **Format SD Card** > Færa rauða sleðann alveg til hægri > Velja **Yes**
- Til að slökkva á upptökutækinu:
 - Ýta á **rauða takkann** aftan á tækinu > Velja **Yes**
- **Muna að hreinsa út allar hljóðskrár bæði úr tölvunni, af hljóðhnöppunum og úr upptökutækinu**

Audacity



- Audacity er hljóðvinnsluforrit sem hægt er að nota til að klippa hljóðskrár og vinna með þær.
- Forritið er einfalt í notkun og hægt er að nálgast það ókeypis á netinu. Því mælum við með því að notendur mæti með USB lykil til að setja hljóðskrárnar inn á, og sækji sér Audacity í eigin tölvu til að vinna úr þeim.
- Til að sækja hljóðskrá inn í forritið er hægt að smella á **File > Import > Audio** og finna skrána sem á að klippa.
 - Einnig er hægt að draga skrá úr möppu og beint inn í forritið.
- Helstu aðgerðir í Audacity:
 - **Velja / Selection** 
 - Þetta þarf að vera valið til að geta valið hluta af hljóðskránni eða hvar á að byrja að spila.
 - **Umlykja / Envelope** 
 - Gerir kleift að breyta hljóðstyrk á völdum köflum á hljóðrásinni með innbyggðum hljóðstýringarpunktum.
 - **Teikna / Draw** 
 - Teiknitólið gerir kleift að endurteikna bylgjuformið svo hægt sé að fínstilla hljóðstyrkinn á einstaka stöðum.
 - **Fjölverkfæri / Multi tool** 
 - Virkjar öll hin tólin samtímis.
 - **Klippa / Cut**
 - Veljið hljóðbútinn sem á að klippa í burtu og ýtið á **Ctrl + X**
 - **Splitta / Split**
 - Setjið bendilinn á réttan stað og ýtið á **Ctrl + I**

- **Snyrta hljóðrás / Trim audio** 
 - Eyðir allri hljóðrás nema þeim hluta sem er valinn.
- **Þagga niður í hljóðrás / Silence Audio** 
 - Þaggar niður í þeim hluta hljóðrásarinnar sem er valinn.
- **Bæta við rás:**
 - Hægrismellið á dökkgráa svæðið fyrir neðan aðalrásina og veljið **Add Mono / Stereo Track**
- Það eru margir fleiri möguleikar í klippiforritinu til að snyrta til upptökur eða fínþússa hljóðið. Við mælum með að skoða handbókina fyrir Audacity á:
 - <https://manual.audacityteam.org/>